

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 2015 í máli nr. E-53/2011:

A

(Sigurður Gizurarson hrl.)

gegn:

Tryggingastofnun ríkisins

(Soffía Jónsdóttir hrl.)

Mál þetta sem dómtekið var 28. maí 2015 var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 11. janúar 2011 af A, [...], Reykjavík á hendur Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114, Reykjavík og íslenska ríkinu. Með úrskurði uppkveðnum 23. maí 2011 var dómkröfum stefnanda á hendur íslenska ríkinu vísað frá dómi ex officio. Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Með dómi réttarins, 29. júlí 2011, í máli nr. 370/2011, var kröfum stefnanda á hendur íslenska ríkinu vísað frá héraðsdómi.

Dómkröfur aðila

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 3.149.933 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. desember 2010 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til að greiða henni

1.484.787 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. febrúar 2007 til greiðsludags.

Til vara vara krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til að greiða henni 1.484.787 krónur með skaðabótavöxtum, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. janúar 2007 til 10. desember 2007, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefndu á tjóni sem hún hafi orðið fyrir sökum þess að hún hafi þurft að leggja í kostnað vegna þess að Tryggingastofnun ríkisins hafi hafnað að hún uppfyllti það skilyrði í lögum til heimilisuppbótar, að njóta ekki fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, ásamt að stefnda beri bótaskyldu er nemi fjárhæð vaxta að því hámarki er lög leyfi hverju sinni, af fjárhæð bótakröfu sem stefnandi fái til sín, með því að ofangreind krafa um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefndu verði tekin til greina, frá 24. febrúar 2007 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, annaðhvort skv. málskostnaðarreikningi eða að mati réttarins, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Stefnda krefst þess að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins.

Atvik máls

Hinn 22. ágúst 2005 sótti stefnandi um heimilisuppbót hjá stefndu skv. 9. gr. þágildandi laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993, sbr. nú samhljóða ákvæði í 8. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð. Samkvæmt ákvæðinu var heimilt að greiða einhleypingi svonefnda heimilisuppbót, enda nyti hann óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og væri einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað. Í ákvæðinu var mælt svo fyrir að ætti viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar skyldi lækka heimilisuppbótina eftir sömu reglum. Stefnda hafnaði umsókn stefnanda með bréfi, 9. september 2005, með þeim rökum að þar sem dóttir stefnanda væri skráð til heimilis á sama stað og stefnandi og væri öryrki, uppfyllti stefnandi ekki það skilyrði 9. gr. laga nr. 118/1993 um almannatryggingar og reglugerðar nr. 595/1997, fyrir greiðslu heimilisuppbótar, að vera ein um heimilisrekstur. Stefnandi fór þess á leit við stefndu, með bréfi dagsettu 3. október 2005, að framangreind synjun yrði endurupptekin og umsókn hennar samþykkt. Með bréfi, 11. nóvember 2005, synjaði stefnda stefnanda á ný um heimilisuppbót með vísan til fyrri rökstuðnings og þar sem engin ný gögn hefðu verið lögð fyrir stefndu sem staðfestu fullyrðingu stefnanda um að hún nyti ekki fjárhagslegs hagræðis af sambýli við dóttur sína. Með bréfi til stefndu, 9. febrúar 2006, fór stefnandi þess enn á leit við stefndu að hún endurskoðaði fyrri ákvörðun um að synja stefnanda um greiðslu heimilisuppbótar en vísaði málinu að öðrum kosti til Úrskurðarnefndar almannatrygginga. Úrskurðarnefnd almannatrygginga kvað upp úrskurð í málinu, 29. mars 2006, sbr. mál nr. 48/2006, og var niðurstaða hennar að aðstæður stefnanda hefðu ekki verið rannsakaðar nægilega af stefndu. Var synjun stefndu á umsókn stefnanda um heimilisuppbót felld úr gildi og málinu heimvísað til nýrrar meðferðar. Hinn 10. maí 2006 ritaði stefnda stefnanda bréf með vísan til niðurstöðu Úrskurðarnefndar almannatrygginga frá 29. mars. Með bréfinu var stefnanda gefinn kostur á að koma að frekari gögnum og upplýsingum áður en ný

ákvörðun yrði tekin í máli hennar. Stefnandi svaraði þessu erindi stefndu með bréfi, 29. maí 2006, og fylgdu því m.a. yfirlýsingar prests og læknis, þar sem fram kom að mat þeirra væri að stefnandi nyti ekki fjárhagslegs hagræðis af sambýli með dóttur sinni. Stefnda taldi framangreind gögn ekki staðfesta fullyrðingar stefnanda um að hún nyti ekki fjárhagslegs hagræðis af sambýli með dóttur sinni og veitti stefnanda með bréfi, 7. júní 2006, viðbótarfrest til að leggja fram gögn sem staðfestu að fjárhagslegt hagræði væri ekki til staðar. Stefnanda ritaði stefndu bréf, 23. júní 2006. Í bréfinu var, með vísan til fyrirbyggjandi gagna, ítrekað að stefnandi nyti ekki sambýlis við aðra manneskju. Stefnda ritaði stefnanda bréf, 22. ágúst 2006, og voru í því talin upp í dæmaskyni þau gögn sem kynnu að hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Var stefnanda veittur þriggja vikna frestur til að koma að nýjum gögnum. Með bréfi, 21. september 2006, tilkynnti stefnda stefnanda að umsókn hennar um greiðslu heimilisuppbótar væri synjað þar sem hún uppfyllti ekki það skilyrði laga- og reglugerðarákvæða, fyrir greiðslu heimilisuppbótar, að vera ein um heimilisrekstur. Stefnandi kærði ákvörðun stefndu, 18. október 2006, til Úrskurðarnefndar almannatrygginga. Hinn 29. nóvember 2006 kvað nefndin upp úrskurð í málinu, sbr. mál nr. 282/2006, og var niðurstaðan að stefnandi uppfyllti skilyrði fyrir greiðslu heimilisuppbótar, frá og með 1. september 2005, þar sem að hún nyti ekki fjárhagslegs hagræðis af nábýli við dóttur sína. Kröfu stefnanda um vexti, verðbætur og málskostnað var vísað frá nefndinni. Hinn 28. desember 2006 fór stefnandi þess á leit við stefndu að hún fengi greidda óskerta uppsafnaða heimilisuppbót fyrir n.k. áramót. Með bréfi, 29. desember 2006, tilkynnti stefnda stefnanda að vegna tekna hennar á árunum 2005 og 2006 ætti hún ekki rétt til heimilisuppbótar fyrir þessi ár. Hins vegar ætti hún rétt á heimilisuppbót frá og með 1. janúar 2007. Með bréfi stefndu, 8. október 2007, gerði stefnda stefnanda að endurgreiða meintar ofgreiddar bætur vegna ársins 2006. Stefnandi kærði þá ákvörðun til Úrskurðarnefndar almannatrygginga, 11. desember 2007, jafnframt því sem stefnandi gerði athugasemdir við framangreinda ákvörðun stefndu frá 29. desember. Úrskurðarnefndin kvað upp úrskurð, 12. mars 2007, sbr. mál nr. 319/2007. Staðfesti nefndin ákvörðun stefndu um endurkröfu á hendur stefnanda vegna ofgreiddra bóta á árinu 2006 og synjun á greiðslu heimilisuppbótar vegna árána 2005 og 2006, vegna tekna stefnanda á þessum árum.

Í málinu liggur fyrir reikningur Hönduls ehf. á hendur stefnanda, dagsettur 16. janúar 2007, að fjárhæð 1.484.787 krónur. Af reikningnum kemur fram að hann sé fyrir vinnu vegna stefndu og er í texta reikningsins, til nánari skýringa, vísað til meðfylgjandi gagna. Í þeim kemur fram að um sé að ræða vinnu vegna málalíbúnaðar og bréfaskipta við stefndu og vinnu við kærsmål nr. 48/2006 og 282/2006. Reikningurinn mun hafa borist stefndu, 24. janúar 2007. Stefnda endursendi Höndli ehf. reikninginn með bréfi, 31. janúar 2007, með þeirri athugasemd að engin heimild væri samkvæmt almannatryggingalögum til greiðslu reikningsins. Með bréfi, 10. desember 2007, fór stefnandi þess á leit við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að það hlutaðist til um greiðslu reikningsins. Með bréfi, 15. janúar 2008, framsendi ráðuneytið framangreint erindi stefnanda til Félags- og tryggingamálaráðuneytisins, með vísan til breytinga á ýmsum lögum um verkefni innan Stjórnarráðs Íslands. Með bréfi, 12. febrúar 2008, endursendi Félags- og tryggingamálaráðuneytið framangreint erindi til Heilbrigðisráðuneytisins, til þóknarlegra afgreiðslu, eins og það er orðað.


Í máli þessu er aðallega deilt um skyldu stefndu til greiðslu framangreinds reiknings Hönduls ehf. frá 16. janúar 2007 en jafnframt um meinta bótaskyldu

stefndu vegna þess kostnaður sem stefnandi telur sig hafa þurft að stofna til vegna erindisreksturs á hendur stefndu.

Málsástæður stefnanda og tilvísun til réttarheimilda

Stefnandi byggir á því að hún, sem úrskurðuð hafi verið öryrki á árinu 2005, hafi ekki átt að þurfa að stofna til sérstaks kostnaðar við að sanna að hún uppfylli skilyrði til bótagreiðslna skv. almannatryggingalögum nr. 117/1993, sbr. nú lög nr. 100/2007, og lögum nr. 118/1993 um félagslega aðstoð. Þar sem stefnda hafi hins vegar orðið þess valdandi að hún hafi ekki komist hjá að kaupa út vinnu í þessu skyni, þá sé á því byggt að í reynd sé það þannig að stefnda hafi stofnað til hlutaðeigandi kostnaðar og að stefndu hafi þá einnig borið að greiða þann kostnað. Að auki sé á því byggt að stefnda, þ.e. þáverandi forstjóri stefndu, B, hafi lýst því yfir og lofað að allur kostnaður stefnanda, af hér viðkomandi ágreiningi við stefndu, yrði greiddur af stofnuninni, ef í ljós kæmi að mat stefndu í hennar málum reyndist rangt. Stefnandi hafi treyst þessum orðum forstjórans. Á því sé og byggt að stefnandi hafði ekki haft efni á að ná fram samþykkt þess efnis að hún uppfyllti skilyrði til heimilisuppbótar og að hún hefði ekki tekið slaginn þar um nema vegna loforðs um að stefnda myndi greiða af því kostnaðinn Auk þess sé byggt á að eðlilegt sé að stefnda greiði kostnað sem reynst hafi nauðsynlegur til leiðréttinga á skilningi stofnunarinnar um beitingu ákvæða laga varðandi skilyrði fyrir bótagreiðslum eins og hér um ræði. Jafnframt sé byggt á að leiðrétting, sem hér um ræði, snúi ekki einvörðungu að stefnanda heldur sé hún einnig almenns eðlis, þannig að hún muni í framhaldi leiða til réttlátari og farsælli afgreiðslu stefndu varðandi afstöðu stofnunarinnar til bótaréttar, öryrkja og aldraðra, við svipaðar kringumstæður. Það að stefnda hafi ekki leitað endurskoðunar dómstóla á úrskurði Úrskurðarnefndar almannatrygginga, skv. heimild 3. mgr. 7. b. gr. þágildandi laga nr. 117/1993, sé sönnun þess að stefnda hafi viðurkennt þessa leiðréttingu, sem stefnandi hafi náð fram, með þeim kostnaði sem hér um ræði, sem þarfaverk til réttmætrar leiðréttingar á viðkomandi afstöðu og skilningi stefndu. Einnig sé á því byggt að ekki sé hægt að leggja það á einstaka bótaþega að fjármagna sambærilegt og hér um ræði. Stefnandi hafi sótt, skv. leiðbeiningum stefndu og án kostnaðar, um heimilisuppbót en fengið synjun með þeim rökum frá stefndu að hún uppfyllti ekki skilyrði, þar sem hún nyti hagræðis af sambýli. Stefnandi hafi óskað, án kostnaðar, eftir endurupptöku á umsókn en aftur fengið synjun og rökin þá einnig þau sömu af hálfu stefndu. Skýrt komi þó fram í umsóknarferli hjá stefnanda að hún hafi verið ein um heimilisrekstur og ekki notið fjárhagslegs hagræðis af sambýli. Auk þess sé byggt á að stefnda hafi haft hjá sér gögn, m.a. skýrslur og vottorð lækna og fleiri gögn sem hafi verið óræk sönnun þess að stefnandi hafi sagt stefndu rétt og satt frá, að hún hafi ekki notið fjárhagslegs eða annars hagræðis af dóttur sinni. Þrátt fyrir þessar upplýsingar stefnanda og þau gögn sem stefnda hafi haft hjá sér, um stefnanda og dóttur hennar, hafi stefnda samt haldið hinu gangstæða fram og synjað enn, án þess að sinna ótvíræðri skyldu og lagaskyldu að kanna eða rannsaka mál. Byggt sé á að vegna þessa hafi stefnandi ekki komst hjá að kaupa sér aðstoð til að sýna fram á að hún uppfyllti þau atriði sem stefnda hafi haldið fram að hún uppfyllti ekki. Með tveimur úrskurðum Úrskurðarnefndar almannatrygginga hafi verið leitt í ljós að stefnandi hafi haft rétt fyrir sér en stefnda ekki. Þetta hafi kostað

stefnanda það sem í dómkröfum sé farið fram á. Einnig sé á því byggt að stefnandi hafi á tímanum sem um ræði verið fjölsjúk og fársjúk, sárþjáð og yfirbuguð af kvíða og sorg. Samkvæmt því hafi borið að virða 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, en þar segi „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“ Líta verði einnig svo á að þetta mannúðarákvæði stjórnarskrár nái einnig til aðstoðar í þeim tilvikum sem hér um ræði, með því að stefnandi fái dómkröfu dæmda og greidda. Byggt sé á að krafan um greiðslu kostnaðar, sem dómkröfur taki til, hafi í engu verið mótmælt af hlutaðeigandi opinberum aðilum, hvorki af stefndu né af ráðuneytum, og að bæði krafan og fjárhæð kostnaðar hafi þá einnig með aðgerðarleysi verið samþykkt. Því hafi heldur ekki verið mótmælt, sem haldið sé fram í fylgibréfi, sem stefnandi hafi sent stefndu ásamt reikningi frá Höndli ehf., en þar sé því lýst yfir að stefnda hafi stofnað til og beri ábyrgð á kostnaði að baki reikningnum og þá sé það einnig ígildi viðurkenningar greiðsluábyrgðar að gera enga athugasemd. Í bréfi stefndu, samhliða að stofnunin hafi endursent reikninginn, sé því einu borið við að ekki sé heimild í almannatryggingar-lögum til að greiða hann. Byggt sé þá einnig á að stefnda hafi hér gefið þau skilaboð og samþykkt að krafan væri réttmæt en að beina þyrfti henni í annað opinbert hús upp á greiðslu að gera. Eftir þetta hafi krafan þvælst á milli ráðuneyta. Ekkert svar hafi fengist um hvað liði efnudum þrátt fyrir fjölmargar ítrekanir, áminningar, óskir og kröfu í því skyni að sá kostnaður sem reikningurinn taki til fái bættur og greiddur. Byggt sé á að fullnægjandi rökstuðningur fyrir kröfu stefnanda í ljósi reiknings sé m.a. í bréfinu og fylgiskjölum sem fylgt hafi reikningnum til stefndu, 24. janúar 2007. Að auki sé vísað til bréfs stefnanda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins undir yfirskriftinni „Vegna ógreiddur reikningur“, dagsetts 10. desember 2007, sem ráðuneytið hafi móttakið samhliða að móttaka reikning og fylgiskjöl. Stefnda og ráðuneytin hafi ekki óskað eftir frekari rökstuðningi fyrir kröfunni. Jafnframt, hvað þetta varði, sé vísað til fjölda annarra bréfa dreifðra um þann tíma sem liðinn sé. Byggt sé á að stefndu og ráðuneyti hafi borið að leiðbeina stefnanda hafi hún ekki farið rétt eða þóknanlega að því að óska eða krefja þessa aðila um greiðslu á nú umstefndum kostnaði. Byggt sé á að sá kostnaður er um ræði, að baki hlutaðeigandi reikningi, sé ennfremur til kominn vegna þess að stefnda hafi ekki gætt ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, m.a. ekki 7., 9., 10., 11., 12. og 25. gr. þeirra laga og einnig vegna þess að stefnda hafi brotið ákvæði laga nr. 118/1993 um félagslega

 Text Box: 6

aðstoð, m.a. ákvæði 9. gr. þeirra laga, ásamt að virða ekki stjórnarskrá Íslands og ekki heldur meginreglur og tilgang almannatryggingalaga. Stefnandi reisi kröfur sínar um skaðabætur m.a. á eftirfarandi atriðum til viðbótar ofangreindu. Við meðferð umsóknar stefnanda um heimilisuppbót hafi stefnda rangtúlkað og misbeitt á saknæman hátt viðeigandi lagaákvæði með þeim afleiðingum að stefnandi hafi orðið að leggja í þann kostnað sem í dómkröfu greini, í þeim tilgangi að fá skorið úr um réttarstöðu sína. Niðurstaðan hafi orðið sú að stefnandi hefði haft rétt fyrir sér en stefnda rangt, sbr. einnig m.a. úrskurð Úrskurðarnefndar almannatrygginga nr. 282/2006, 29. nóvember 2006. Fyrir þessar sakir hafi stefnandi orðið jafnframt fyrir miklu erfiði, miska og raunum. Samhliða hér umræddu hafi stefnda einnig brotið meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga. Stefnda hafi ekki sinnt lagaboði við hæfismat á rétti til uppbótar og ekki í framhaldi viljað samsinna réttmætum ábendingum þar um, né heldur þeim skjalföstu staðreyndum sem stofnunin sjálf hafi haft hjá sér um hagi stefnanda og dóttur hennar. Skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga hafi átt að leita eftir sjónarmiðum stefnanda áður en stefnda hafi í upphafi tekið

Ákvörðun þá sem leitt hafi til synjunar á heimilisuppbót til hennar. Byggt sé á að afstaða stefndu hefði orðið önnur, ef þetta hefði verið gert og að stefnda hafi m.a. valdið stefnanda hér umstefndu tjóni með því að ganga m.a. fram hjá þessum rétti hennar. Á það sé ekki fallist að það hafi verið augljóslega óþarft að veita henni færi á að tjá sig nánar á fyrri stigum máls þessa. Í ljósi lögmætisreglu stjórnisýsluréttar verði synjun um lögmæta samfélagsaðstoð auk þess að hafa fullnægjandi stoð í lögum og vera málefnaleg. Þá verði ástæður synjunar að vera það skýrar að efni til að sá sem fyrir verði geti lagt mat á lögmæti hennar, ásamt að meta réttarstöðu sína með tillit til ástæðna synjunar og ákveðið hvernig bregðast skuli við, m.a. ef um það sé að ræða að uppfylla skilyrðið með nánari upplýsingum og útlistun. Fram hafi komið í rökstuðningi stefnanda á fyrstu stigum að aðstæður væru það bágar hjá henni og dóttur hennar að engin leið væri til að uppfylla það sem stefnda hafi ranglega gert að skilyrði fyrir heimilisuppbót. Byggt sé á að málsmeðferð stefndu hafi ekki verið í samræmi við lög og vandaða stjórnisýsluhætti. Byggt sé á að stefnda hafi jafnframt brotið gegn meðalhófsreglu m.a. með því að skilyrða uppbótina til stefnanda meira íþyngjandi en nauðsynlegt hafi verið, hvað varði að fullnægt væri markmiðinu að fyrirbyggja að viðkomandi heimild laganna um heimilisuppbót væri misnotuð. Þá byggi stefnandi skaðabótakröfu jafnframt á því að synjun stefndu hafi verið andstæð lögum eins og málið hafi legið fyrir, þegar um umsókn hafi verið fjallað, ásamt að gallar á málsmeðferð, efnislegir og formlegir, við afgreiðslu stefndu á umræddri umsókn, hafi falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi og afgreiðslu, er valdið hafi því að stefnandi hafi orðið fyrir því tjóni sem í dómkröfum stefnunnar greini. Augljóst sé að bein orsakatengsl séu milli saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna stefndu við afgreiðslu á umsókn stefnanda og þess að hún hafi stofnað til réttmæts kostnaðar í því skyni að framfylgja umsókn og hafi orðið fyrir samsvarandi tjóni í formi kostnaðar, sem stefnda eigi alla sök á og sé bótaskyld fyrir. Á stefndu hafi hvílt skylda til að rannsaka aðstæður stefnanda og taka út frá því afstöðu til umsóknar hennar. Byggt sé á að stefnda hafi ekki gert þetta á réttan hátt og ekki á fullnægjandi hátt. Byggt sé einnig á að það sé



meginregla að sá sem sæki um bætur til stefndu eigi ekki að þurfa aðkeypta aðstoð til að fá fram hjá stefndu rétta og réttláta niðurstöðu varðandi skilyrði fyrir greiðslu heimilisuppbótar og að sá sem þess þarfnist og stefndu sé um að kenna, eins og verið hafi í tilviki stefnanda, eigi þann rétt að stefnda eða ríkissjóður endurgreiði honum slíkan kostnað, en ef ekki þá eigi eða eignist hann kröfu til skaðabóta á hendur sömu aðilum. Stefnandi byggi jafnframt á að hún hafi í góðri trú og ásetningi keypt sér aðstoð til að fá skorið úr um réttindi, þannig að þau væru virt í ljósi réttlætis og að lögum og að kostnað sinn því samfara fengi hún bættan. Samhliða að byggja á sök og saknæmi af hálfu stefndu gagnvart stefnanda, þá sé í málssókn þessari að auki byggt á hlutlægri bótaábyrgð og í því tilviki m.a. haldið fram að óforsvaranlegt hafi verið hvernig stefndu hafi tekist til gagnvart stefnanda og staðið að þeirri málmeðferð og afgreiðslu sem um ræði í stefnu. Byggt sé á að stefnda geti ekki úr þessu haldið því fram að afgreiðslumáti hafi verið edlilegur og með þeim hætti að stefnanda hafi verið óþarft að leita aðstoðar til að fá samþykkt að hún uppfyllti skilyrði til heimilisuppbótar í ljósi heimilishalds, ásamt að byggt sé á að stefnda hafi ekki heldur andmælt fjárhæð kostnaðar og ekki heldur andmælt að bera ábyrgð á hér hlutaðeigandi kostnaði. Vegna þessa þurfi ekki að gera frekari grein fyrir þessum þáttum máls. Áskilinn sé þó allur réttur til að setja fram gögn, rök og málsástæður ásamt að leiða vitni þessum atriðum til stuðnings, ætli stefnda í máli þessu að andmæla að þessu leyti, auk þess sem byggt sé einnig á að slík andmæli af hálfu stefnda séu nú allt of seint fram komin. Einnig hafi 9. gr.

Stjórnsýslulaga um málshraða verið brotin og skylda til að upplýsa um hvað valdi afgreiðsludrætti m.a. Það athugist að stefnandi hafi ekki getað notfært sér kvörtunarleið til Umboðsmanns Alþingis vegna tómlætis af hálfu viðkomandi ráðuneyta að afgreiða ekki og svara ekki erindi hennar, sem hér um ræði. Sú leið hefði þó verið henni bæði ódýrari kostur en dómstólaleiðin ásamt að þá hefði hún ekki átt á hættu að fá dæmdan á sig málskostnað. Jafnframt verði að líta svo á að stefndu sé um að kenna ef stefnandi sé nú að stefna að ósekju og ef slík verði niðurstaðan þá væri auk þess sanngjarnara að hún fengi dæmdan til sín málskostnað. Málshöfðun stefnanda sé á grundvelli laga nr. 91/1991. Byggt sé á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð, um gildi loforða, um stofnun kröfuréttar og efndir fjárskuldbindinga, innan sem utan samninga. Kröfu um skaðabætur styðji stefnandi við meginregluna um fébótaábyrgð ríkissjóðs vegna skaðaverka í stjórnsýslu og meginreglur skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð, ásamt við meginreglu íslensks réttar um ábyrgð vinnuveitanda á starfsmönnum, ásamt að byggt sé á að stefnda beri einnig hlutlæga ábyrgð. Auk þess við skaðabótalög nr. 50/1993. Þá byggi stefnandi á ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993, m.a. ákvæðum 7., 9., 10., 11., 12., 13., 22., 24. og 25. gr. þeirra laga, ásamt á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. M.a. sé vísað til 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Vísað sé til almannatryggingalaga, nr. 117/1993, nú laga nr. 100/2007 og laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð. Að auki sé byggt á lögmætis- og réttmætisreglu íslensks réttar og meginreglum laga um skuldbindingargildi stjórnvaldsákvæðana og stjórnsýslusamninga og gildi loforða. Jafnframt sé höfðað til almenns réttlætis-, sanngirnis- og mannúðarsjónarmiða. Að auki sé vísað til annarra þeirra réttarheimilda og lagaákvæða er við geti átt. Kröfu um vexti, dráttarvexti og skaðabótavexti styðji stefnandi við lög nr. 38/2001 um vexti og

 Text Box: 8

verðtryggingu, m.a. 6. gr., 8. gr. og 9. gr. Kröfu um málskostnað styðji stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991. Varðandi virðisaukaskatt sé byggt á lögum nr. 50/1988. Réttur til að krefjast dóms til viðurkenningar á bótaskyldu sé m.a. studdur við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Við ákvörðun málskostnaðar til stefnanda, ef til komi, verði tekið tillit þess að hann þurfi að greiða virðisaukaskatt þar af, sem ekki fáið endurgreiddur.

Málsástæður stefndu og tilvísun til réttarheimilda

Stefnda kveðst ganga út frá því að allar dómkröfur stefnanda lúti að endurgreiðslu á kostnaði hennar samkvæmt fyrirliggjandi reikningi Hönduls ehf.. Af þeim gögnum sem stefnandi hafi lagt fram í málinu verði ekki séð að hún hafi greitt umræddan reikning og því orðið fyrir því tjóni er hún haldi fram. Því sé mótmælt sem röngu, órökstuddu og ósönnuðu að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni af völdum stefndu og sé meint fjártjón hennar með öllu ósannað. Reglur skaðabótaréttarins, hvort sem sé á grundvelli sakar eða hlutlægrar bótareglu eigi því ekki við og beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Í annan stað byggi stefnda sýknukröfu sína á þeirri meginreglu íslensks réttar að borgararnir verði sjálfir að bera þann kostnað sem þeir hafi af erindum sínum til stjórnvalda og málarekstri fyrir þeim. Kjósi þeir að nota aðstoð sérfræðinga, eða annarra sem þeir telji hæfa til að gæta hagsmuna sinna, við slík erindi og hafi af því kostnað geti þeir ekki krafist þess að sá

Kostnaður verði þeim bættur. Þurfi sérstaka lagaheimild til, svo unnt sé að krefjast greiðslu slíks kostnaðar úr hendi stjórnvalda. Slíka heimild sé hvorki að finna í lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar né í lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, sem stefndi starfi eftir, né í eldri lögum um sama efni. Þá hafi kröfu stefnanda um greiðslu málskostnaðar tvisvar sinnum verið vísað frá Úrskurðarnefnd almannatrygginga í málum nr. 282/2006 og 319/2007, þar sem slík ákvörðun falli utan valdsviðs nefndarinnar. Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að fyrrum forstjóri stefnda hafi lofað stefnanda greiðslu alls kostnaðar vegna samskipta hennar við stofnunina, enda sé það ekki í valdi stefndu, né einstakra starfsmanna hennar að gefa slík loforð. Starfsmenn stefndu hafi leiðbeiningaskyldu skv. 52. gr. laga um almannatryggingar og 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Skjólstæðingar stefndu þurfi því hvorki að leita utanaðkomandi aðstoðar, né leggja út í kostnað til að leita réttar síns. Gögn málsins beri það með sér að starfsmenn stefndu hafi gætt leiðbeiningaskyldu sinnar gagnvart stefnanda. Því sé einnig mótmælt sem röngu, órökstuddu og ósönnuðu að starfsmenn stefndu hafi ekki gætt ákvæða laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð og stjórnslulaga nr. 37/1993 við málsmeðferð í máli stefnanda, enda bendi gögn málsins til hins gagnstæða. Bótakröfu stefnanda, sem sett sé fram sem þrautavarakrafa sé því mótmælt sem rangri, órökstuddri og ósannaðri. Stefnandi hafi ekki hvorki sýnt fram á tjón, né ólögmeata og saknæma háttsemi starfsmanna stefndu, hvað þá að öðrum bótaskilyrðum sé til að dreifa. Hinn 24. janúar 2007 hafi stefndu borist reikningur vegna vinnu og kostnaðar Hönduls ehf. við málið ásamt fylgibréfi, þar sem gerð hafi verið sú krafa að stefnda greiddi reikninginn með því að leggja fjárhæðina inn á reikning Hönduls ehf.. Stefnandi hafi tekið afstöðu til reikningsins og þeirra gagna sem honum hafi fylgt og endursent hann með bréfi, dags. 31. janúar 2007. Það sé því rangt og í andstöðu við rétta málavaxtalýsingu að með viðtöku á reikningnum hafi stefnda samþykkt réttmæti hans og kröfu þá sem í honum sé fölgín. Stefnandi hafi engan þátt átt í því að fá Höndul ehf. til starfa fyrir stefnanda og sé ekki í neinu samningssambandi við félagið eða fyrirsvarsmann þess. Það sé á ábyrgð stefnanda að nýta sér þjónustu ólöglærðs aðila. Stefnandi beri einn áhættu á því að sá aðili hafi þurft óeðlilega langan tíma til að sinna málefnum hennar, í stað þess að leita til löglærðs sérfræðings. Stefnandi mótmæli fjárhæð reikningsins, sem hún telji vera óeðlilega háa og í engu samræmi við þá hagsmuni sem í húfi hafi verið. Reikningurinn stafi auk þess frá fyrirtæki sem ekki sé að sjá að sé sérhæft til að aðstoða fólk vegna fjárhagsmálefna. Til glöggvunar skuli þess getið að þær fjárhæðir sem um ræði vegna heimilisuppbótar stefnanda á árunum 2005 og 2006 hafi verið rúmlega 18.000 krónur á mánuði. Framsetning dómkrafna stefnanda virðist miða við að hún hafi greitt áður nefndan reikning á útgáfudegi hans, en ljóst sé af göngum málsins að stefnandi hafi ekki greitt hann. Sé öllum vaxtakröfum stefnanda því mótmælt sem röngum. Þá telji stefnda að vísa beri frá dómi þrautavarakröfu stefnanda, á grundvelli 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu fjártjóni. Skorti hana því lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningu á meintri skaðabótaskyldu stefnda. Stefnandi vísi til áðurgreindra laga er varði sýknukröfu. Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða

Eins og áður er rakið sótti stefnandi, 22. ágúst 2005, um svonefnda heimilisuppbót hjá stefndu á grundvelli 9. gr. þágildandi laga um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og reglugerðar nr. 595/1997 um heimilisuppbót o.fl.. Beiðninni var hafnað af stefndu með bréfi, 9. september 2005. Þau rök voru færð fyrir synjuninni að þar sem dóttir stefnanda væri skráð til heimilis á sama stað og stefnandi og væri öryrki uppfyllti hún ekki það skilyrði fyrir greiðslu heimilisuppbótar að vera ein um heimilisrekstur. Þá hefur verið rakið að stefnandi hafi, 3. október 2005, óskað eftir að framangreind ákvörðun stefndu yrði endurskoðuð og fallist yrði á beiðni hennar um heimilisuppbótina en stefnandi staðfest fyrri ákvörðun með bréfi til stefnanda, 11. nóvember 2005. Þá liggur fyrir að stefnandi skaut framangreindri synjun stefndu til Úrskurðarnefndar almannatrygginga, 9. febrúar 2006, og að úrskurðarnefndin vísaði málinu til stefndu, með úrskurði uppkveðnum, 29. mars 2006, með þeim rökum að aðstæður stefnanda hefðu ekki verið rannsakaðar nægilega áður en beiðni hennar um heimilisuppbót var hafnað. Að undangenginni frekari könnun á aðstæðum stefnanda tilkynnti stefnda stefnanda, 21. september 2006, að beiðni hennar væri hafnað og voru rökin að baki synjuninni þau sömu og áður þ.e. að hún uppfyllti ekki það lagaskilyrði fyrir heimilisuppbót að vera ein um heimilisrekstur. Stefnandi vildi ekki una synjuninni og skaut henni til Úrskurðarnefndar almannatrygginga, 18. október 2006. Hinn 29. nóvember 2006 kvað úrskurðarnefndin upp úrskurð í málinu og var niðurstaða hennar að stefnandi uppfyllti skilyrði fyrir greiðslu heimilisuppbótar enda nyti hún ekki fjárhagslegs hagræðis af nábyli við dóttur sína.

Í máli þessu er m.a. deilt um skyldu stefndu til að greiða stefnanda kröfu að fjárhæð 1.484.787 krónur, auk umkrafinna vaxta. Krafan er samkvæmt reikningi Hönduls ehf., dags. 16. janúar 2007, á hendur stefnanda. Er reikningurinn sagður til kominn vegna þjónustu sem stefnandi hafi þurft að kaupa hjá Höndli ehf. vegna framangreindrar beiðni um heimilisuppbót og erindisreksturs af sama tilefndi fyrir stefndu og Úrskurðarnefnd almannatrygginga. Samkvæmt reikningnum krefur Höndull ehf. stefnanda, auk útlagðs kostnaðar, um þóknun fyrir samtals 247,5 klst. og er umkrafid títmagjald 4.800 krónur. Reikningnum fylgir sundurliðuð verklýsing.

Af hálfu stefndu var þeirri málsástæðu teflt fram við aðalmeðferð málsins að sýkna bæri stefndu sökum aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem stefnandi hefði ekki sýnt fram á að hún hefði greitt framangreindan reikning Hönduls ehf. og gæti af þeirri ástæðu krafist endurgreiðslu reikningsfjárhæðarinnar né hefði hún sýnt fram á að henni hefði verið falin milliganga um innheimtu reikningsins. Af hálfu stefnanda var málsástæðunni ekki mótmælt sem of seint fram kominni. Eins og áður er rakið liggur fyrir í málinu reikningur Hönduls ehf. á hendur stefnanda vegna vinnu við framangreindan erindisrekstur stefnanda m.a. fyrir Úrskurðarnefnd almannatrygginga. Eru kröfur stefnanda í málinu reistar á reikningnum. Ekki hefur af hálfu stefndu verið sýnt fram á að reikningskrafan sé niður fallin. Verður því að telja að stefnandi hafi sýnt fram á að hún hafi lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni í málinu og er kröfu stefndu um sýknu vegna aðildarskorts því hafnað.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að þáverandi forstjóri stefndu hafi lofað henni að kostnaður hennar vegna umrædds erindisreksturs yrði greiddur af stefndu a.m.k. ef hún reyndist hafa rétt fyrir sér hvað heimilisuppbótina varðaði. Af hálfu stefndu

hefur þessari málsástæðu verið mótmælt sem rangri og ósannaðri enda sé það ekki á valdi stefndu né einstakra starfsmanna hennar að gefa slík loforð. Stefnandi hefur ekki fært sönnur fyrir framangreindri staðhæfingu, hvorki með því að kalla fyrrverandi forstjóra stefndu til skýrslugjafar fyrir dómi eða með öðrum hætti. Er þessari málsástæðu stefnanda því hafnað.

Þá er á því byggt af hálfu stefnanda að stefnda hafi, með því að mótmæla ekki þeim kröfum sem dómkröfur stefnanda séu reistar á, meðan mál hennar hafi verið til meðferðar á vegum stefndu, viðurkennt kröfurnar með aðgerðaleyssi. Þá hafi stefnda ekki mótmælt því sem haldið hafi verið fram í bréfi til stefndu, sem fylgt hafi reikningi Hönduls ehf., að stefnda hafi stofnað til þess kostnaðar sem legið hafi að baki reikningunum og megi jafna því aðgerðaleyssi til viðurkenningar á greiðsluskyldu. Af hálfu stefndu er þessum málsástæðum stefnanda mótmælt með vísan til þess að stefnda hafi hafnað reikningi Hönduls ehf. og endursent hann til félagsins með bréfi, 31. janúar 2007, þar sem fram hafi verið tekið að engin heimild væri í almannatryggingalögum nr. 117/1993 til þess að greiða reikninginn og væri honum þegar af þeirri ástæðu hafnað. Með vísan til framangreinds bréfs stefndu frá 31. janúar 2007, sem felur í sér skýra höfnun á reikningi Hönduls ehf. frá 16. janúar s.á., er framangreindum málsástæðum stefnanda hafnað.

Stefnandi teflir fram í málinu ýmsum málsástæðum sem allar eiga það sameiginlegt, þrátt fyrir ýmis tilbrigði, að stefndu beri að greiða þann kostnað sem stefnandi hafi þurft að stofna til vegna ítrekaðrar synjunar stefndu á beiðni hennar um greiðslu heimilisuppbótar. Vísar stefnandi þessum málsástæðum til stuðnings m.a. til þess að eðlilegt sé að stefnda greiði kostnað, sem reynst hafi nauðsynlegur til að leiðrétta rangan lagaskilning stefndu, hvað skilyrði fyrir greiðslu heimilisuppbótar varði. Þá hafi ágreiningur stefndu og stefnanda verið almenns eðlis og muni niðurstaðan þannig leiða til réttlátari og farsælli afgreiðslu stefndu hvað varði afstöðu stefndu til bótaréttar öryrkja og aldraðra, við svipaðar kringumstæður. Af hálfu stefndu er á því byggt að lagaheimild skorti til greiðslu umrædds kostnaðar. Verði í því sambandi ennfremur að hafa í huga að starfsmenn stefndu hafi leiðbeiningaskyldu m.a. gagnvart bótakrefjendum skv. 52. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, sbr. áður lög nr. 117/1993 og 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Skjólstæðingar stefndu þurfi því hvorki að leita utanaðkomandi aðstoðar, né leggja út í kostnað til að leita réttar síns. Gögn málsins beri það með sér að starfsmenn stefndu hafi gætt leiðbeiningaskyldu sinnar gagnvart stefnanda.

Það er meginregla íslensks réttar að borgararnir verði sjálfir að bera þann kostnað sem þeir hafa af erindum sínum til stjórnvalda og málarekstri fyrir þeim. Kjósi þeir að nota aðstoð sérfræðinga eða annarra við slík erindi og hafi af því kostnað geta þeir ekki krafist þess að sá kostnaður verði þeim bættur. Þarf sérstaka lagaheimild til svo unnt sé að krefjast greiðslu slíks kostnaðar úr hendi stjórnvalda. Slíka heimild er hvorki að finna í þágildandi eða núgildandi lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og nr. 99/2007 eða þágildandi eða núgildandi lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og nr. 99/2007. Er framangreindum málsástæðum stefnanda því hafnað.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hún hafi á þeim tíma, sem um ræði, verið fjölsjúk, farsjúk og sárþjáð og yfirbuguð af kvíða og sorg. Samkvæmt því hafi borið að virða 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, en þar segi

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“ Líta verði einnig svo á að þetta mannúðarákvæði stjórnarskrár nái einnig til aðstoðar í þeim tilvikum sem hér um ræði, með því að stefnandi fái dómkröfu dæmda og greidda. Af hálfu stefndu er á því byggt að kröfur stefnanda í máli þessu eigi sér ekki stoð í tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar. Ekki verður á það fallist með stefnanda að kröfur hennar í máli þessu styðjist við tilvitnað stjórnarskrarákvæði og er þeirri málstæðu því hafnað.

Af hálfu stefnanda er hvað þrautavarakröfu hennar varðar á því byggt að kostnaður hennar skv. reikningi Hönduls ehf. sé til kominn þar sem stefnda hafi við afgreiðslu á máli hennar ekki gætt ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, m.a. ákvæða 7., 9., 10., 11., 12. og 25. gr. auk þess sem stefnda hafi brotið ákvæði laga nr. 118/1993 um

 Text Box: 6

félagslega aðstoð, m.a. ákvæði 9. gr. þeirra laga, ásamt því að virða ekki stjórnarskrá Íslands né meginreglur og tilgang almannatryggingalaga. Þá sé skaðabótakrafa hennar auk þess á því reist að starfsmenn stefndu hafi við meðferð umsóknar hennar um heimilisuppbót rangtúlkað og misbeitt á saknæman hátt viðeigandi lagaákvæðum með þeim afleiðingum að stefnandi hafi orðið að leggja í þann kostnað sem í dómkröfu hennar greini, í þeim tilgangi að fá skorið úr um réttarstöðu sína. Niðurstaðan hafi orðið sú að stefnandi hefði haft rétt fyrir sér en stefnda rangt, sbr. m.a. úrskurð Úrskurðarnefndar almannatrygginga nr. 282/2006, 29. nóvember 2006. Fyrir þessar sakir hafi stefnandi orðið fyrir miklu erfiði, miska og raunum. Samhliða hafi stefnda einnig brotið meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og ekki sinnt lagaboði við hæfismat á rétti til uppbótar og ekki í framhaldinu viljað samsinna réttmætum ábendingum þar um, né heldur þeim skjalföstu staðreyndum sem stefnda sjálf hafi haft hjá sér um hagi stefnanda og dóttur hennar. Samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga hafi átt að leita eftir sjónarmiðum stefnanda áður en stefnda hafi í upphafi tekið ákvörðun þá sem leitt hafi til synjunar á heimilisuppbót til hennar. Byggt sé á að afstaða stefndu hefði orðið önnur, ef þetta hefði verið gert og hafi stefnda m.a. valdið stefnanda umstefndu tjóni með því að ganga fram hjá þessum rétti hennar. Málsmeðferð stefndu hafi ekki verið í samræmi við lög og vandaða stjórnarsýsluhætti og synjun stefndu verið andstæð lögum eins og málið hafi legið fyrir, þegar um umsókn stefnanda hafi verið fjallað, ásamt að gallar á málsmeðferð, efnislegir og formlegir, við afgreiðslu stefndu á umræddri umsókn, hafi falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi og afgreiðslu, er valdið hafi því að stefnandi hafi orðið fyrir því tjóni sem í dómkröfum í stefnu greini. Augljóst sé að bein orsakatengsl séu milli saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna stefndu við afgreiðslu á umsókn stefnanda og þess að hún hafi stofnað til réttmæts kostnaðar í því skyni að framfylgja umsókn og hafi orðið fyrir samsvarandi tjóni í formi kostnaðar, sem stefnda eigi alla sök á og sé bótaskyld fyrir. Á stefndu hafi hvílt skylda til að rannsaka aðstæður stefnanda og taka út frá því afstöðu til umsóknar hennar. Byggt sé á að stefnda hafi ekki gert þetta á réttan og fullnægjandi



hátt. Þá sé einnig á því byggt að það sé meginregla að sá sem sækir um bætur til stefndu eigi ekki að þurfa aðkeypta aðstoð til að fá fram hjá stefndu rétta og réttláta niðurstöðu varðandi skilyrði fyrir greiðslu heimilisuppbótar og að sá sem þess þarfnist og stefndu sé um að kenna, eins og verið hafi í tilvikum stefnanda, eigi þann rétt að stefnda eða ríkissjóður endurgreiði honum slíkan kostnaðar, en ef ekki þá eigi eða eignist hann kröfu til skaðabóta á hendur sömu aðilum. Stefnandi byggir

Í framtíð á að hún hafi í góðri trú og ásetningi keypt sér aðstoð til að fá skorið úr þeim réttindi, þannig að þau væru virt í ljósi réttlætis og að lögum og að kostnað sinn því samfara fengi hún bættan. Af hálfu stefndu er bótakröfu stefnanda mótmælt sem rangri, órökstuddri og ósannaðri enda hafi stefnandi hvorki sýnt fram á tjón, né ólögmæta og saknæma háttsemi starfsmanna stefnda, hvað þá að öðrum bótaskilyrðum sé til að dreifa. Því sé sérstaklega og alfarið mótmælt að starfsmenn stefndu hafi ekki gætt ákvæða laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við málsmeðferð í máli stefnanda, enda bendi gögn málsins til hins gagnstæða.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að starfsmenn stefndu hafi við meðferð á erindi hennar, vegna beiðni um heimilisuppbót, brotið gegn þeim lagaákvæðum sem stefnandi hefur vitnað til máli sínu til stuðnings eða öðrum reglum og sjónarmiðum um góða stjórnarsýsluhætti. Hefur stefnandi þannig ekki sýnt fram á að meðferð á beiðni hennar og afgreiðsla hennar af hálfu starfsmanna stefndu hafi verið haldin slíkum annmörkum að skilyrði um saknæmi og ólögmæti sé fullnægt og stefnda því skaðabótaskyld vegna meints tjóns stefnanda. Er framangreindum málsástæðum stefnanda, til grundvallar meintri bótaskyldu stefndu, því hafnað.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefnda beri ábyrgð á kostnaði hennar á grundvelli hlutlægrar bótareglu. Sé sú regla á því reist að óforsvaranlegt hafi verið hvernig stefndu hafi tekist til gagnvart stefnanda og staðið hafi verið að þeirri málsmeðferð og afgreiðslu sem um ræði í stefnu. Byggt sé á að stefnda geti ekki úr þessu haldið því fram að afgreiðslumáti hafi verið eðlilegur og með þeim hætti að stefnanda hafi verið óþarft að leita aðstoðar til að fá samþykkt að hún uppfyllti skilyrði til heimilisuppbótar, í ljósi heimilishalds, ásamt að byggt sé á að stefnda hafi ekki heldur andmælt fjárhæð kostnaðar og ekki heldur andmælt að bera ábyrgð á hér hlutaðeigandi kostnaði. Vegna þessa þurfi ekki að gera frekari grein fyrir þessum þáttum máls. Af hálfu stefndu er því mótmælt að stefnda beri ábyrgð gagnvart stefnanda á grundvelli hlutlægrar bótareglu enda hafi með engum hætti, af hálfu stefnanda, verið sýnt fram á tilvist slíkar reglu í tilviki stefnanda eða hún eigi við í því tilviki sem til úrlausnar sé.

Stefnda hefur ekki fært nein þau rök fyrir framangreindri málsástæðu um hlutlæga bótaábyrgð stefnda að gári yfirborð lögfræðilegrar röksemdafærslu. Er umræddri málsástæðu stefnanda hafnað.

Með vísan til alls framangreinds verður stefnda sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað og þykir hann hæfilega ákveðinn 800.000 krónur.

Rekstur máls þessa hefur tekið óvenju langan tíma. Er það fyrst og fremst að rekja til ítrekaðra óska stefnanda um frestun aðalmeðferðar meðan beiðni væri afgreiðslu gjafsóknarnefndar á beiðni stefnanda um gjafsókn í máli þessu og eftir að beiðninni var endanlega hafnað af nefndinni meðan beiðni væri afstöðu Umboðsmanns Alþingis til synjunarinnar. Þá frestaðist meðferð málsins á árinu 2014 vegna veikindaleyfis dómara.

Þórður S. Gunnarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Tryggingastofnun ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, A, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndu 800.000 krónur í málskostnað.

Þórður S. Gunnarsson